

Nr. 709

7. ágúst 2012

AUGLÝSING

um breytingu á aðalskipulagi Grímsnes- og Grafningshrepps 2008-2020, golfvöllur við Minni Borg.

Skipulagsstofnun staðfesti þann 7. ágúst 2012 breytingu á aðalskipulagi Grímsnes- og Grafningshrepps 2008-2020, sem samþykkt var í sveitarstjórn Grímsnes- og Grafningshrepps þann 6. júní 2012. Niðurstaða sveitarstjórnar var birt 21. júní 2012.

Í breytingunni felst að austasti V7 reiturinn innan Minni Borgar er felldur niður en sá vestasti er stækkaður. Þar verður blönduð landnotkun, verslun og þjónusta og opið svæði til sérstakra nota. Innan hans verður heimilt að byggja hótel.

Málsmeðferð var samkvæmt 2. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin öðlast þegar gildi.

Skipulagsstofnun, 7. ágúst 2012.

Stefán Thors.

Guðrún Halla Gunnarsdóttir.

B-deild – Útgáfud.: 21. ágúst 2012